

RECEIVED: June 26, 1992  
3-20 Iceland.

Regulation No. 436 of November 1, 1990  
on Claims for Priority of Applications  
for Registration of Trade Marks

**nr. 436/1990 um forgangsrétt til tilkynninga um skráningu á vörumerkjum**

V.B

1. gr.

Nú er vörumerki notað í fyrsta sinn fyrir vörur sem sýndar eru á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu í einhverju þeirra ríkja sem gerst hafa aðilar að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, og merkið síðan tilkynnt til skráningar hér á landi innan 6 mánaða frá þeim tíma talið, er það kom fram á sýningunni. Skal sú tilkynning þá, að því er snertir síðar til komin atvik, svo sem notkun annarra á merkinu eða tilkynningu til skráningar á því, talin fram komin þegar merkið var birt á sýningunni.

Forgangsréttur þessi er háður því að hans sé krafist annað hvort í umsókn um skráningu vörumerkisins með upplýsingum á hvaða sýningu merkið var fyrst notað og hvenær, eða hans krafist skriflega með ofangreindum upplýsingum innan eins mánaðar frá afhendingu umsóknar.

Vörumerkjaskráritari getur krafist þess, að tilkynnandi afhendi, innan frests er vörumerkjaskráritari ákveður, fullnægjandi sönnun fyrir réttmæti upplýsinga sem honum hafa verið gefnar.

2. gr.

Nú er vörumerki tilkynnt til skráningar í einu eða fleiri ríkjum sem gerst hafa aðilar að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, og merkið síðan tilkynnt til skráningar hér á landi innan 6 mánaða frá þeim tíma talið, er það var fyrst tilkynnt til skráningar í viðkomandi ríki eða ríkjum. Skal sú tilkynning þá, að því er snertir síðar til komin atvik, svo sem notkun annarra á merkinu eða tilkynningu til skráningar á því, talin fram komin samtímis fyrrgreindri tilkynningu í hinu erlenda ríki.

Forgangsréttur þessi er háður því að hans sé krafist annað hvort í umsókn um skráningu vörumerkisins með upplýsingum um í hvaða landi merkið var fyrst tilkynnt til skráningar og hvenær, eða hans krafist skriflega með ofangreindum upplýsingum innan eins mánaðar frá afhendingu umsóknar. Ef vörumerkið hefur verið notað á opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu áður en það var tilkynnt til skráningar skal þess getið.

Vörumerkjaskráritari getur krafist þess, að tilkynnandi afhendi, innan frests er vörumerkjaskráritari ákveður, fullnægjandi sönnun fyrir réttmæti upplýsinga sem honum hafa verið gefnar.

3. gr.

Ef í einni eða fleiri tilkynningum, sem lagðar eru inn í einhverju þeirra ríkja sem nefnd eru í 2. gr., er krafist forgangsréttar frá þeim degi sem vörumerkið var fyrst notað á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu, og sá dagur er fyrri þeim degi þegar merkið var fyrst tilkynnt til skráningar, skal umræddur 6 mánaða frestur talinn hefjast þann dag sem vörumerkið var fyrst notað á sýningunni.

4. gr.

Ef 6 mánaða fresti þeim sem reglugerð þessi fjallar um lýkur á helgidegi eða öðrum degi sem ekki telst afgreiðsludagur vörumerkjaskráritara, telst fresturinn renna út næsta virkan dag sem skrifstofan er opin.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 46. gr., sbr. 18. og 30. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968 og öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. nóv. 1990.*

Jón Sigurðsson.

Gunnar Guttormsson

**Vörumerkja- og einkaleyfatíðindi**

Útgefandi: Iðnaðarráðuneytið,  
Amarhvoli, 150 Reykjavík  
Ritstjóri og ábm.: Gunnar Guttormsson  
Afgreiðsla: Lindargötu 9 (3. hæð),  
150 Reykjavík, Sími 609450

Áskriftargjald: 1.500,- kr.  
Verð í lausasölu: 150,- kr. eintakið  
Prentun: Gutenberg hf.